



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 18. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Jón Óli Benediktsson

**Dagsetning:** 05.06. 2012  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 18:00

**Pátttakendur:**

|   |   |
|---|---|
| Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar          | Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn          |
| Svanhvít Antonsdóttir, formaður frjálssíþróttadeildar | Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn        |
| Anna Alexandersdóttir, formaður fimleikadeildar       | Lovísa Hreinsdóttir, formaður Blakdeildar |
| Árni Ólason, formaður fótboltadeildar                 |   |
| Ágúst Margeirsson, formaður sunddeildar               |   |
|   |   |

**Fjarverandi:**

|   |  |
|---|--|
|   |  |
| Magnús Ásmundsson, formaður körfuboltadeildar |  |
|   |  |

### 2. Markmið fundar

Fara yfir úthlutun styrkja og ósk körfuboltadeildar.

### 3. Fundardagskrá

| Fundarefni                              | Stjórnandi umræðu | Tími (mín) |
|---|-------------------|------------|
| Styrkir 2012.                           | Davíð             | 20         |
| Ósk körfuboltadeildar vegna yfirdráttar | Davíð             | 15         |
| Ályktun vegna strætóferða               | Davíð             | 15         |
| Hattardagurinn                          | Davíð             | 10         |
|   |                   |            |
|   |                   |            |

### 4. Helstu umræður

#### Úthlutun styrkja 2012.

Davíð fór yfir skiptingu styrkja á milli deilda. Svipuð hlutfallsskipting og var fyrir árið 2011.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Tölur um fjölda iðkenda eru byggðar á upplýsingum úr Felix og eru það allir skráðir iðkendur á aldrinum 6-16 ára. Það þarf að taka út alla sem eru skráðir og fæddir 2006 og 2007. Þeir eiga ekki að teljast með. Davíð spurði forsvarsmenn hvernig deildar fyrir sig hvernig þeir vildu fá styrknum/inneigninni úthlutað, í einu lagi eða skipta þeim niður á nokkur kort. Ákveðið að halda báðum styrkjum sem til körfuboltans eftir og láta það ganga upp í skuldina við aðalstjórn. Eftir það standa ca. 187.000 eftir af skuldinni við aðalstjórn. Það þarf að tala við forsvarsmenn körfuboltans og spyrja þá út í það hvaða áhrif þetta muni hafa á starf yngri flokka, þar sem þessir styrkir séu ætlaðir til eflingar starfs í yngri flokkum deilda.

### Ósk körfubolta deildar um framlengingu á yfirdrætti og ábyrgð.

Körfuboltadeildin óskar eftir 3ja mánaða ábyrgð á 2 millj. Kr yfirdrætti til greiðslu til leikmanna og fyrir útlagðan kostnað. Flestir sammála um að veita þessa heimild en gerðar athugasemdir við það að engin fulltrúi frá körfuboltadeildinni mæti á fundin til þess að útskýra þessar óskir og svara spurningum annara úr aðalstjórn. Samþykkt að veita þessa heimild þrátt fyrir það.

### Ályktun um strætósferðir.

Aðalstjórn Hattar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs að hefja gjaldtöku í almenningssamgöngum í þéttbýlinu frá og með 1. Júní n.k. Gjaldtakan gefur haft neikvæð áhrif á þáttöku barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi Hattar.

### Hattardagurinn.

Mikill áhugi á að spyrða saman áætluðum samfélagsdegi á Fljótsdalshéraði og Hattardegi. Tvö verkefni sem stefnt er að því að fara í. Tiltekt á Vilhjálmsvelli og nánasta umhverfi hans, einnig að gera smá endurbætur á pylsuskúrnum. Einnig var talað um að það væri möguleiki á því að fara í tiltekt og endurbætur á aðstöðu í Bjarnadalnum. Samfélagsverkefnið mun standa frá því kl 10 - 14 og erum að spá í að vera með kynninguna á Hetti frá því kl. 13 - 15. Stefnum að því að tala við Alcoa um að tengja samfélagsdaginn þeirra við þennan dag. Grill og læti.

### Stofnun Taikwondo deildar (styrkur)

Samþykkt að veita Taikwondo 100.000 króna styrk.

## 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

## 6. Aðgerðalisti

| Hvað | Hver | Í samvinnu við | Dags. |
|------|------|----------------|-------|
|      |      |                |       |



Fundargerð  
Íþróttafélagið Höttur

|  |  |  |  |
|--|--|--|--|
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |
|  |  |  |  |

Fundi slitið Kl. 19:10

Davíð Þór Sigurðarson

Jón Óli Benediktsson